

**Nd.**

**46. Nefndarátt**

um frumv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 44, 2. nóv. 1914, laga nr. 45, s. d., og laga nr. 3, 5. júní 1918.

Frá fjárhagsnefnd.

Í ástæðum og athugasemdum við frumvarp þetta er það tekið fram af stjórninni, að hún ætlist til, að nýtt skattakerfi verði sett á Alþingi 1921, og er gildi þessa frumvarps miðað við það. Með þetta fyrir augum, og að athuguðum öllum kringumstæðum, hefir fjárhagsnefndin orðið samhuga um að leggja það til við háttv. deild að samþykkja frumv. óbreytt.

Verður nánari grein gerð fyrir skoðun nefndarinnar í framsögu málsins.

Alþingi, 11. júlí 1919.

Magnús Guðmundsson,  
formaður.

Pórarinn Jónsson,  
skrifari og frasm.

Einar Arnason,

Sigurður Sigurðsson,

Hákon J. Kristófersson.